



Stjórnarfundur 5 fimmtudaginn 3. febrúar 2011 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Kristján Geir Guðmundsson, Óskar Hauksson. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.

Afboð og mættu ekki: Hreggviður Norðahl, Valdimar Hafsteinsson, Svala Vignisdóttir.

Dagskrá

- Bikarkeppni
- Úrslitakeppni deilda
- Ól smáþjóða
- Fjármál
- Úthlutun frá ÍSÍ
- (Merki, veifur & fánar)
- Ársþing
- Önnur mál

Fundargerð

Bikarkeppni

- Undirbúningur fyrir bikarinn hafinn. Samið hefur verið við blakdeild Stjórnunnar um umsjón í höllinni og veitingasölu. Fyrir lá að kvennalandsliðið hafi óskað eftir því að vera með veitingasöluna en landsliðsfólk fær enn á ný miða til að selja í forsölu.
- RÚV verður með beina útsendingu frá úrslitaleikjunum gegn svipuðum samningi og á síðasta ári. BLÍ útvegar kostunaraðila á útsendinguna og er þegar búið að viðra hugmyndina við Valdimar Hafsteinsson hjá Kjörís um að taka þátt í þessu.
- Sævar þarf að hafa samband við Markaðsmenn aftur um söfnun auglýsinga á viðburðinn og athuga hvort þeir geti tékkað á auglýsingu fyrir helmingi útsendingarkostnaðar.
- Fram kom á fundinum að RÚV þyrfti að byrja að sýna trailera fyrr en gert var í fyrra, það myndi sennilega skila sér í fleiri áhorfendum á undanúrslitum á laugardeginum.
- Jason athugar með Bridgestonemenn um samningsatriðin og þeirra þátttöku í helginni.
- Dómaranefnd BLÍ skipar tvo línuverði á alla leiki úrslitahelgarinnar í bikarum.

Úrslitakeppni deilda

- Lagt var fyrir fundinn skýrsla frá mótanefnd. Fram kom í skýrslunni dagsetningar úrslitakeppni Íslandsmótsins. Samþykkt var að úrslitakeppnin yrði spiluð frá 4.- 16. apríl en þann dag verða oddaleikir í báðum flokkum ef til þess kemur í sjálfum úrslitunum.
- Tekið var fyrir færsla liða á milli deild og stofnun 4. deildar kvenna.
 - Ekkert lið fellur úr 1. deild Íslandsmótsins þar sem sú deild fyllir ekki kvótann. Gert er ráð fyrir að lið í 2. deild kvenna Suður fari upp í 1. deild að ári og losi þar með þau 8 lið sem eru þar því þau eru of mörg. Þá fellur 1 lið úr 2. deild kvenna suður og 1 lið úr 3. deild kvenna Suður fer upp. Lagt er upp með að lið sem er efst á sínu landsvæði fer upp í næstu deild fyrir ofan á sínu landssvæði.
 - Sama gildir um færslu milli 3. og 4. deilda Suður. Eitt lið fer upp í 3. deild og 1 lið fer niður í 4. deild.
 - Að öðru leyti gildir reglugerð um deildakeppni BLÍ í Íslandsmótum.

Smáþjóðaleikar

- Það er ljóst að við sendum fjölmennasta hópinn á leikana í ár.
- Karl Sigurðsson verður með strandblakið á sinni könnu.
- Apostol Apostolov er landsliðsþjálfari kvennalandsliðsins
- Stjórn BLÍ ákvað að ráða Zdravko Demirev sem landsliðsþjálfara karlalandsliðsins.
- Lagt verði hart að þjálfurum landsliðanna núna strax að velja hóp fyrir leikana og sérstaklega karlalandsliðið þar sem þeir fara í verkefni í byrjun maí.
- Samkvæmt ÍSÍ er gert ráð fyrir að kostnaður á mann verði ekki meira en 100 þúsund kr. Reiknað er að flogið verði um Frankfurt og tekin rúta þaðan til Liechtenstein.

Fjármál

- Búið er að bóka mest allt frá árinu 2010 og er nú unnið hörðum höndum að uppgjöri. Tölur liggja ekki fyrir en það lítur út fyrir að árið komi nokkuð vel út.
- Grófar tölur verða kynntar á næsta fundi

Úthlutun frá ÍSÍ

- Afrekssjóður ÍSÍ styrkti Kanaríverkefnið um kr. 300.000.- eftir að óskað hafði verið eftir styrk frá skrifstofu BLÍ í október. Þetta kom í bréfi strax á nýju ári frá sjóðnum. Tapið á verkefninu varð þá nánast ekkert á endanum og þökkudu formaður og framkvæmdastjóri vel fyrir framlag þeirra á fundi í vikunni.
- Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði BLÍ í heildina kr. 500.000.- fyrir verkefni A landsliðanna á árinu 2011.
- Sjóður ungra og efnilegra úthlutaði BLÍ kr. 500.000.- í verkefni unglíngalandsliðanna á árinu 2011.
- Umsókn um styrk úr sjóði Ólympíufjölskyldu ÍSÍ er í bígerð og verður send inn fyrir 4. febrúar. Von er á peningafjárhæð úr þeim sjóði auk inneign á flugmiðum.

Merki, veifur, fáni

- Lagt er fyrir fundinn samanburður á tilboðum vegna pinna BLÍ, fyrriðaveifur og hátíðarfána sambandsins. Ákveðið var að taka ódýrustu tilboðunum í verkin og Sævar beðinn um að svara tilboðunum þannig.
- Ákveðið var að láta gera hátíðarfána BLÍ enda stutt í næsta stórafmæli. Slíkan fána er hægt að nota við hin ýmsu tilefni og ætti BLÍ að eignast fána.

Ársþing BLÍ 2011.

- Tvær dagsetningar koma til greina vegna ársþingsins. Þann 14. maí eða 21. maí.
- Jason og Sævar munu fara betur í að ákveða dagsetningu fyrir þingið í sameiningu.

Önnur mál

- Ákveðið var að senda samúðarkveðju til fjölskyldu Matthías Bjarka Guðmundssonar sem lést þann 26. janúar 2011 og styrkja í leiðinni gott málefni Krabbameinsfélags Íslands.
- Stefán sagði frá tækifæri fyrir unglinga í blaki að fara til Qatar til að skrifa fréttir um blak og læra inn á fjölmiðlaumhverfi. Er ansi áhugavert og þurfum við að kanna áhuga á þessu.
- Bréf frá ÍSÍ vegna þátttöku á ráðstefnu um íþróttir barna- og unglinga sem fram fer í Noregi í september.

Næsti fundur áætlaður um næstu mánaðarmót

Fundi slitið kl. 18.30

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð